



“Gapparinn”

Eitt lítið fréttabréf um Vistvernd í verki...

23.5.2003

Ábm. Bryndís Þórisdóttir

*“Hlutirnir breytast ekki, við breytumst”
Henry D. Thoreau*

Innihald:

- **Inngangur** bls.1
- **Taupokar** bls.1
- **Sveitarfélög** bls.1
- **Fyrirtæki** bls.2
- **Sameinuð stöndum vér** bls.2
- **Vorhreingerning** bls.3
- **Garðyrkja** bls.3
- **Svansmerkið** bls.3
- **Viðtal við starfsmann** bls.4

Inngangur

Nú kemur fimmta eintakið af fréttabréfinu “Gapparinn”. Sumarið er að koma og það er ýmislegt að gerast hjá okkur í verkefninu Vistvernd í verki. Nýir hópar eru alltaf að bætast við. Fleira og fleira fólk sýnir áhuga á að hafa heimilið sitt vistvænna og hvað er skemmtilegra en að taka þátt í því með öðru fólk.

Í þessu fréttabréfi munum við snúa okkur að ýmsu sem tengist sumrinu og hvað sé hægt að gera fyrir heimilið og garðinn til þess að hafa það vistvænna.

Að lokum verður viðtal við starfsmann sem hefur starfað hjá Landvernd í nokkra mánuði og hefur hún starfað með Bryndísi Þórisdóttur í verkefninu Vistvernd í verki.

Taupokar

Hjá Landvernd fást nú níðsterkir og fallegir taupokar, merktir „Vistvernd í verki”. Það er hagstæðara og vistvænna að nota taupoka heldur en að kaupa plastpoka á 15 kr. stk. í hvert skipti sem farið er út í búð. Minni pokarnir kosta 600 kr. og þeir stærri 700 kr. Hægt er að skoða þá á heimasíðunni undir fréttinni [Innkaupataupoki](http://www.landvernd.is/vistvernd) – www.landvernd.is/vistvernd.

Sveitarfélög

Síðan Gapparinn kom út síðast (í desember) hafa 3 ný sveitarfélög bæst í hópinn. Það er Hvítársíða, lítið sveitarfélag með rúmlega 80 íbúum, Höfn í Hornafirði og Bláskógabyggð. Hvítársíða hefur slegið rækilegt landsmet og líklega heimsmet í hlutfallslegri þátttöku íbúa því rúmlega helmingur íbúa tók þátt í vishópi nú í vetur.

Fyrirtæki

Æ fleiri fyrirtæki og stofnanir sýna Vistvernd í verki áhuga. Nú í vetur tóku fjórar stofnanir í Vesturbænum þátt í sameiginlegum vishópi, það voru Félags- og þjónustumiðstöðin á Aflagranda, Vesturgarður, Grandaskóli og Neskirkja. Af styrktaraðilum verkefnisins rækja þrjú fyrirtæki vishópastarf innan sinna veggja, það eru Orkuveita Reykjavíkur, Sorpa og Landsvirkjun. Hreingerningafyrirtækið Hreint í Kópavogi tekur nú þátt í verkefninu og er það liður í að efla meðvitund og vistvæna breytni starfsmanna. Fyrirtækið er nú þegar með vistvæna stefnu en stefnir á að geta boðið upp á eins umhverfisvæn þrif og frekast er unnt, fyrir viðskiptavinum sína. Bandalag íslenskra sérskólanema bauð í vetur fólki sem býr í leiguíbúðum þeirra að taka þátt í vishópum. Þrjú af fyrirtækjunum sem styrkja Vistvernd í verki eru með vishópastarf innan sinna veggja. Þetta eru Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Sorpa. Við biðum spennt eftir því að Toyota, Fjarðarkaup og Umhverfisráðuneytið bætist í hópinn.

Sameinuð stöndum vér

Það er gott til þess að vita hve margir leggja sig eftir því að bæta umgengni sína við umhverfið. Það endurspeglast í verkefni eins og Vistvernd í verki að fólki er greinilega ekki sama um umhverfið og framtíðina. Ég sem sit á skrifstofu Vistverndar í verki finn fyrir þessu daglega. Fyrirspurnir og óskir um vishópastarf og ýmsar upplýsingar berast nánast daglega og með auknu fjárhagslegu svigrúmi fer fjöldi vishópa stöðugt vaxandi. En nú þegar hægist örlítið um með vorinu og fyrir liggja skýrslugerðir og úrvinnsla mælingarniðurstaðna verður mér hugsað æ meira til ykkar sem hafið tekið þátt í verkefninu eða veltið fyrir ykkur þátttöku. Hversu ein á báti upplifið þið ykkur? Finnst ykkur baráttan erfið eða vonlaus? Til að hvetja ykkur til dáða vil ég upplýsa ykkur um nokkur atriði.

Vistvernd í verki hefur fest rætur í 17 löndum. Markmið verkefnisins er að stuðla að sjálfbærri þróun og það er gott til þess að vita að víða um heim er fólk að vinna að sama markmiði.

Verkefnið hefur náð miklum vinsældum vegna þess hve sveigjanlegt það er, það byggir á því að fólk taki sínar eigin ákvarðanir, stjórnri hraða sínum og aðgerðum sjálf og hafi gaman af því að þróa vistvænan lífsstíl og venjur. Það eru engin boð og bönn. Í sumum löndum hefur verkefnið verið þróað í fleiri áttir t.d. sniðið að þörfum vinnustaða, að þörfum grunnskóla, að netþátttöku o.fl. Þúsundir manna víðsvegar um heiminn eru að vinna að sömu markmiðum og við, biðja um umhverfismerktar vörur í búðum, keyra mjúklega og endurnýta. Svanamerktar vörur sjástu nú í flestum verslunum og er greinilegt að eftirspurnin er að hafa áhrif á framboðið.

Á Íslandi eykst þátttaka jafnt og þétt. 58 vishópar hafa nú farið í gegnum verkefnið, en það eru 313 heimili eða samtals vel yfir 1000 manns. Mælingarniðurstöður sýna að þeir sem hafa tekið þátt í verkefninu setja að meðaltali 84 kg of sorpi í tunnuna hjá sér á ári. Meðal höfuðborgarbúinn setur hins vegar 244 kg. á ári í tunnuna. Að meðaltali sparar fólk 9.000 kr. í rafmagn á ári, 15.500 kr. í hitareikning og 17.300 í bensín. Að meðaltali minnka þátttakendur notkun sína á bensíni um 9%, heitavatns- og rafmagnsnotkun um 26% og sorp sem fer í tunnuna um 36%.

Að lokum vil ég benda þeim sem hafa ekki rekið augun í það nú þegar að á neytendasíðu Morgunblaðsins á laugardögum er dálkur frá Vistvernd í verki með vistvænni hugleiðingu og ráðum. Á þriðjudögum er síðasta korterið af Samfélaginu í Nærmynd (kl. 11:45) tileinkaður umhverfismálum og það er Pétur Halldórsson sem sér um þáttinn. Reyndar verður hann í fríi í nokkrar vikur núna en tekur svo upp þráðinn að nýju. Þetta er mjög góður þáttur sem ég mæli eindregið með.

Vorhreingerning

Gamla venjan er að taka út allar hreingerningavörurnar og fara að þrifa hólfi og gólf fyrir vorið og sumarið. Sem sagt vorhreingerningin eins og við viljum kalla það. Það er nú gott að fara að huga að því að nota vistvænar vörur, og jafnvel að nota hluti sem eru til í flestum heimahúsum í staðinn fyrir að fara út í búð og kaupa vörur sem eru með alls kyns eitrefnum. Til eru mörg ráð fyrir hreingerninguna og endilega kíkidi í skápana ykkar og athugið hvort það sé ekki til matarsódi, edik og sítrónusafi. Það skaðar ekki umhverfið og það er líka ódýrara að nota þessar vörur en að eyða þúsundum króna í alls kyns hreingerningavörur. Hér eru nokkur ráð af vefsíðu sem heitir www.bhg.com

- Notið matarsóða og blautan svamp til að þrifa vaska og borðplötur.
- Til að minnka lykt og losa stíflur í niðurföllum skal strá matarsóða í niðurfallið og hella síðan ediki yfir. Þetta er látið freyða í nokkrar mínútur og að lokum skolað með sjóðandi vatni.
- Edik og fljótandi sápa hreinsar vaxfría gólfduka og polyurethane-parket. Leysið sápu fyrst upp í volgu vatni og setjið svo edik út í. Ef þessu er blandað saman á sama tíma, verður virknin ekki eins góð.
- Gott er að nota vatn og edik á glugga, glerhurðir og flísar.
- Til að ná blettum af leirtaui, er best að bleyta hreina tusku með ediki og láta liggja á blettinum í nokkrar klukkustundir. Skolið.
- Til að þússa bronsmuni skal strá smá salti á sítrónu sem búið er að skera í helminga og nudda svo hlutinn með því. Þrifið viðarbrauðbretti með sömu aðferð.
- Bletti á borðplötum skal þrifa með því að láta sítrónusafa liggja á þeim í 30 mínútur. Setja síðan matarsóða yfir og nudda varlega.
- Sítrónusafi og sól er ein leið til að ná blettum úr hvítum dúkum og servíettum.
- Litabreytingar á skápahurðum, dósam í kringum ljós og skúffum er hægt að laga með þykku lagi af matarsóða og vatni. Nuddið varlega yfir með hreinum klút og þurrkið svo af.
- Hægt er að þrifa baðvaskinn, baðkarið, sturtuna og klósettið með sítrónudropum (bökunardropum). Þeir gefa meira að segja góða lykt!

Garðyrkja

Það eru til nokkrar leiðir til þess að minnka notkunina á skordýraeitri sem innihalda skaðleg eitrefni. Sem dæmi má nefna eina leið sem drepur pöddur. Blandið saman 2 ½ matskeið af mildri uppvottasápu á móti sama magni af grænmetisolíu og 2 lítrum af vatni. Setjið í spreibrúsa og sprautið yfir og undir laufin. Þetta er ein leið af mörgum og við bendum á vefsíðu sem er með fleiri góð ráð varðandi garðyrkju.

Sú síða heitir www.co.broward.fl.us. Þar er hægt að finna vistvænar leiðir til þess að losa sig við skordýr og pöddur í plöntum og blómum án þess að skaða plönturnar sjálfar.

Svansmerkið

Munum eftir Norræna umhverfismerkinu, Svaninum. Þeir einir fá að nota merkið, sem uppfylla strangar kröfur um gæði og takmörkun umhverfisáhrifa. Það er því í raun trygging neytenda fyrir gæðavöru, sem skaðar umhverfið minna en aðrar, sambærilegar vörur. Til að bæta enn umgengni okkar við náttúruna er sjálfsagt að velja íslenskar Svansmerktar vörur og þjónustu. Hér er ekki um auðugan garð að gresja svo einfalt er að leggja aðilana á minnið. Um að ræða Marabon milt frá Frigg, Eldhesta, hreinsiefnin Undri frá S. Holm og Prentsmiðjuna

Hjá GuðjónÓ. Nánari upplýsingar er að fá á heimsíðu norræna umhverfismerkisins Svansins: www.svanurinn.is eða hjá starfsmanni Norrænnar umhverfismerkingar, sem hefur aðsetur hjá Umhverfisstofnun, í síma 591 2000.

Viðtal við starfsmann Vistverndar í verki, Katrínu Hauksdóttur.

Katrín hóf störf hjá Landvernd í febrúar 2003 og hefur unnið í nokkra mánuði. Hún er í svokölluðu átaksverkefni í gegnum Vinnumiðlun Reykjavíkur og er að aðstoða Bryndísi Þórisdóttur í Vistvernd í verki. Katrín er með BA gráðu í auglýsinga- og fjölmiðlafræði.



Sp.: Hvernig vildi það til að þú ákvaðst að taka að þér starf hjá Landvernd við verkefnið Vistvernd í verki?

Það vildi svo til að ég frétti af þessari vinnu í gegnum vinkonu mína og ég fór í viðtal hjá Bryndísi Þórisdóttur, verkefnisstjóra og var ráðin fljótlega eftir það. Þar sem ég hef mikinn áhuga á umhverfismálum, þá hentaði þetta mér mjög vel.

Hefurðu lengi haft áhuga á umhverfismálum?

Já reyndar, ég bjó í Bandaríkjunum í mörg ár með foreldrum og systkinum. Foreldrar mínir búa í úthverfi Boston, og þar er mikil áhersla lögð á að hafa bæinn vistvænan. Það var þar sem ég kynntist öllu flokkunarkerfinu á móttökustöðvunum og það var fyrir 10 árum síðan. Ég tók áfanga í umhverfisfræði og ég lærði þar hversu mikið af alls kyns hlutum fara til spillis þegar hægt er að endurvinna þá. Eina vandamálið er að fólk gerir sér ekki grein fyrir hversu mikið magn fer til spillis því það hugsar bara um hlutina út frá sínu heimili. En þegar maður sér í gámana á móttökustöðvunum úti, þá sést hvað það er mikið magn sem fer í flokkun frá heimilum. En svo getur maður rétt ímyndað sér hversu mikið fer beint í ruslið af þeim heimilum sem flokka ekki. Eldri systir mín er lærð í umhverfisfræði, yngri systir mín hefur alltaf sýnt þessu áhuga og pabbi er mjög umhverfisvænn líka þannig að þetta komst upp í vana að flokka allt á heimilinu og við byrjuðum á því fljótlega eftir að við fluttum út. Svo hefur mamma sett upp jarðgerðartunnu út í garð.

Sp. Hvaða verkefni hefurðu verið að sýsla við síðan þú byrjaðir að starfa hjá Landvernd í vor?

Ég hef verið að útbúa efni í fréttabréf og fjölmiðla, uppfæra póstlista og fleira. Svo hef ég líka tekið að mér aukaverkefni fyrir Landvernd, þar á meðal gerði ég eina auglýsingu fyrir Kríuna og svo hannaði ég ársskýrsluna. Þar sem ég er lærð í auglýsingafræði og auglýsingatækni hefur það nýst vel.

Sp. Hvernig standa Íslendingar sig í umhverfismálum í samanburði við Bandaríkjamenn?

Það er erfitt að segja þar sem Bandaríkin eru svo svakalega stór og þeir eru svolítið frægir fyrir einnota, þægilegar umbúðir. Það er mikill galli hjá þeim þannig að þeir ættu að íhuga að framleiða fleiri umbúðir sem hægt er að endurvinna eða minnka umbúðafjöldann. En þeir eru langt á undan okkur í sambandi við flokkunarmál og endurvinnslu, en við erum öll að koma til. Samt sem áður er ennþá frekar langt í land. Mér finnst við Íslendingar svolítið kærulaus því að annaðhvort nenum við ekki að flokka, gefum okkur ekki tíma eða sjáum ekki tilganginn með því. Þetta er því miður viðhorfið hér og það þarf að breyta því.